## 117/01 - Gullfaxi GK 14

Gullfaxi GK 14, skipverji slasast við línulögn

**Gullfaxi GK 14**
**Skipaskr.nr.:** 297
**Smíðaður:** Fredrikssund Danmörku 1956 Eik
**Stærð:** 63,00 brl; 64,00 bt
**Lengd:** 21,31 m **Breidd:** 5,65 m **Dýpt:** 2,80 m
**Vél:** Caterpillar 313,00 kW **Árgerð:** 1974
**Annað:**
**Földi skipverja:** 5




### Atvikalýsing

Hinn 16. ágúst 2001 var Gullfaxi GK 14 á línuveiðum um 100 sml. vestur af Grindavík. Veður:

Verið var að leggja línuna úr síðasta balanum þegar hún festist í honum. Báturinn var þá stöðvaður og taldi einn skipverjinn hann vera stopp og fór með hendurnar ofan í balann til að losa línuna. Línan fer þá allt í einu af stað og krækist öngull í litla fingur vinstri handar skipverjans. Aðrir skipverjar ná að skera á línuna og losa öngulinn úr fingrinum.

Skipstjórinn óskaði eftir við björgunarsveitina í Grindavík að þeir kæmu á móts við Gullfaxa og mundu sækja hinn slasaða. Það var gert og var hann fluttur í land og undir læknishendur. Gullfaxi hélt afram veiðum.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.